Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 7

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

## Fátækranefndarfundur 22. apríl

1, Um sveitfesti Þórunnar Gísladóttur, Skúmsstöðum.
2, – styrkveitingu til handa Sigríði Bjarnadóttur, Vesturg. 10
3, – útborgun meðlags til Björns Sigurðssonar
4, Filippía Hjaltadóttir biður um styrk. –
5, Magnús Pálsson biður um styrk. –
6, Oddný Einarsdóttir biður um styrk. –
7, Baldur Benediktsson biður um hjálp. –
8, Yngvar Sveinsson um meðlag með Jóni Torfasyni.
9, Ábyrgð á legukostnaði konu og barns Ein. Jónssonar
10, Legukostnaður Guðrúnar Jóhannesdóttur.
11, Styrkbeiðni Sveinbjörns Jónssonar
12, Jón M. Melsted biður um styrk. –

---

## Fundur 13. maí 1909.

× 1, Styrkveiting til handa Eirúnu Eiríksdóttur.
× 2, Ferðakostnaður handa Guðlaugu Gunnlaugsdóttur
× 3, Ábyrgð á legukostnaði Sigurðar Hessa
× 4, Um hækkað meðlag handa Guðrúnu Sigurðardóttur frá Brennu.

J. nr. 46–57

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð ekkjan Sigríður Helgadóttir af Akranesi, hefir fastlega óskað eptir að mega dvelja áfram í Reykjavík, með börnum sínum, þá hefir hreppsnefnd Ytra-Akraneshrepps, fyrir sitt leyti; fallist á, að hún dvelji þar fyrst um sinn til næsta hausts.

Akranesi 10. maí 1909
Björn Jónsson.
p. t. oddviti.

J. Rvík 56/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 17 – 3 – '09.

Heiðraða Fátækra-
nefnd Reykjavíkur,
Útaf mínum erviðu á stæðum
er jeg tilknúður að leita ykkar
aðstoðar, þó menn beri, það
ekki nema í síðustu lög, en
það hvílir ábyrgð á mjer —
sem öðrum gagnvart barna
minna og heimilesins yfirhöfuð
að láta það ekki líða nauð
heldur leyta aðstoð annara,
þangað til eitthvað rætist
úr með atvinnu,
Nú í 5 vikur hef jeg ekkert
fengið að vinna hjer, mjer er

F Rvk. 37/1909 B. Rvk. 2?/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fá hjálp nú sem stendur,
Gæti jeg fengið svo sem 40–50
krónu lán, þá hjálpar það
mikið, því húsaleigan sé dýr
og jeg verði að taka til hennar
þar af, þá er ekki óhugsandi
að jeg fengi eitthvað að vinna
áður en langt líður.

Virðingarfyllst.

Jón M Melsted
Laugaveg 46 A
Rvík

alstaðar neitað; hvar sem jeg til reyni. í Vatnsveitunni fæ jeg ekki að vinna, og hef jeg þó margfalast eptir að komast þar að aptur. hvað það snertir að komast að fastri atvinnu hjer í bænum, er ekki til neins fyrir mig að leitast við slíkt, það er svo full reynt, að slíks er ekki að vænta frekar.
Nú með því, að heimili mitt er bjargarlaust, og jeg get ekkert að gjört eins og stendur, þá verð jeg að fá dálitla hjálp, til þess að fólkið ekki þurfi að svelta.

Jeg vona, að jeg gæti borgað það aptur, þegar fram á sem árið kemur, máske það yrði búið að selja hús það sem okkur hjónunum tilheyrir nokkuð í, sem er arfur er konu minni ber að fá, eptir eptirlátinn bróðir sinn, og Petur Bæjarfógeti hjer. Jón Magnússon veit um að jeg fer með rjett mál. en hvort svo sem verður þá skal jeg sjá um, að ykkur verði endur borgað, allt það sem jeg fengi að láni, en eins og nú er á statt, sje jeg ekki, að jeg geti haldið lífinu í fólkinu, því hvergi er hægt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ábyrgð tekin 26/4.

Kona og barn Einars Jónssonar Grettisgötu 54 þarf að leggjast á Spítala vegna taugaveiki

25/4 07

Sig. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einlyft á hann grunni; útihús:
skúr og pakkhús. Nokkuð af
lóðinni er erfðafestuland.
Rvíkur bær á landi kring, sem
mér virðist vel fallið til ræktunar
, og mætti kannske fá sem erfða-
festuland, og hugsaði eg mér, ef
búskapurinn gengi nokkuð eftir
áætlun, að þá myndi eg smámsam-
-an geta ræktað út heima, til þess
að minka aðflutt fóður. Heyanna
yrði að afla annarsstaðar fyrst um
sinn og hefi eg hugsað mér að sækja
það uppá Mýrar; og hefi bæði mína
eigin reynslu og annara fyrir því
að það getur lukkast sem hvert
því sem eg hefi áætlað. Peningshús
eru að vísu ekki til á Austurkoti
; en eg er í engum efa um, að eg
myndi geta sett þau upp. ef eg gæti

Til [illegible]

fátækranefndarinnar í Rvík.

Með þessu bréfi mínu bið
eg undirskrifaður hina háttvirtu
fátækranefnd Reykjavíkur að gjöra
svo vel og hlutast ~~til~~ til um að
eg geti fengið í hendur að láni
nú þegar, eða sem allra fyrst á
þessu vori fjárstofn til landbún-
aðar, nægilegan til að setja á stofn
bú, sem með meðal manns atorku
myndi, að öllu forfalla lausu eftir
yðar sanngjörnu mati vera nægilegt
til að koma á legg 6 börnum til
verulegra þjóðþrifa og sjálfstæðis.

Því er nú þannig varið að eg
á 6 börn á aldrinum frá 1 til 9 ára
sem eg vil leggja allt í sölurnar
fyrir að koma til manns; en
þrátt fyrir viðleitni mína í þá
átt, að geta eignast [illegible] eignir

J. Rvk. 5/4 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefir mér ekki lukkast það í þeim
stíl sem eg hefi reynt það, m. fl.
húsa byggingum hér; og aðal orsökin
í því er sú að eg kom hingað
of seint og þá með tvær hendur
tómar til að nema trésmíða iðn.
Að því loknu fékk eg mér konu
, sem var jafn snauð og eg að
veraldlegum munum; byrjaði
búskap hér með góðum vonum
og hélt mér stóra hagga, en þeir
reyndust of þungir, og fyrir tökin
mín reyndust ekki arðsöm í
húsa byggingum, og nú er sú at-
vinnugrein orðin svo lítils virði
hér að eg sé mér ekki við reisnar
von í því fagi, þar sé eg orðin
eignalaus, — en fremur hefi
eg sannreynt, að vanaleg daglaun
eins manns hrökkva ekki til að

fram færa heimili forsvaranlega,
sem hefir níu manns, þess vegna
er mér lífsspursmál að taka
mér eitthvað arðvænlegt fyrir hendur
, og hefi eg í því efni bezta trú á
landbúnaðinum.

Eg hefi gjört ítarlegar tilraunir
til að fá lánað fé til slíks fyrirtækis
en ekki heppnast það. Eftir tölu-
verða leit að hentugu býli hér í kring, fékk
eg augastað á koti hér sunnan við
Skerjafjörð, Austurkotinu, sem
nú er til kaups, og hefi eg gjört áætlun
um hvernig líklegt væri að dálítið bú
kvikabú gæti borið sig þar, Kot þetta
er að vísu landlaust að heita má
aðeins 20984 □ ál. en ræktað það lítið
það er, túnbletturinn sem gefur af
sér 45 hesta töðu og dálítill mat-
jurtagarður, nýtt íbúðarhús 9×10 ál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II

fengið áætlað á 3000 krónur til að
setja húið upp að öðruleiti.
Á Álptanesinu þar sem þangbrensl-
an var, stendur járnhús mikið, sem
fæst nú með góðu verði. Í áætluninni
sem ég legg hér með bréfi þessu
hefi ég gjört ráð fyrir 100 hænum;
þær geta auðvitað ekki orðið svo margar
fyrsta árið, einkum þar sem nú er
orðið svo áliðið tímans.
Eins og ég hefi áður sagt eru það
þrjú þúsund krónur minst, sem
ég þarf að fá til láns til að geta
keypt kotið og áhöfn á það;
1000 kr. þarf til að festa kaupin
á kotinu, og tvö þúsund til að
kaupa áhöfn á það, að frádregnum
litlum leifum til að byrja með
rekstrinum; annars hygg ég verð-
að fá strax notkun í tekjuliðinn því

F. Rvk. [illegible]
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefi augastað á að ekki myndi
vera ókeppilegt að kaupa kýr
á Ystu fyrir austan, sem eiga að
seljast í vor og eru vorbærar tvær
eða þrjár.
Eg hugsa mér, að þeir sem
kynnu að veita mér hjálp til
að fá hina til nefndu peninga upphæð
að láni, skyldu hafa húsið að veði og
annan veðrétt í kotinu næst á
eftir 2800 kr. veðdeildar skuld við
annanhvorn bankann hér, þó skertan
þannig að seljandi gæti haft sömuleiðis
veð með 3ja veðrétti fyrir þeim 2200
krónum sem hann á eftir í
kotinu.

Fari svo að hin háttvirta nefnd
sjái sér ekki fært að veita mér styrk
til að fá lánað hvað á minsta fé til
þessa fyrir tokis, og eigi heldur

til að setja mig niður við bú
einhverstaðar úti á landinu á
góðum stað, ef mögulegum til fram-
búðar, þá sé eg ekki fram á
annað en eg verði hér marga
ára þjarfi; og er það óbærileg til-
hugsun.
Eg sendi þessar línur til hinnar
háttvirtu nefndar í því trausti
að hún muni grandgæfilega
skoða málefni mitt, — og kom-
ast á þá skoðun að vert væri að
veita mér hjálp til að koma fótum
fyrir, mig svo eg gæti orðið sjálfstæður
og nýtur maður og afkomendur
mínir, og þannig orðið mann-
félaginu að gagni.
Með fyrirgefningarbón.
Reykjavík 31. Marz 1909
Baldur Benediktsson
Bergstaðastræti 3. Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt skipun formanns fátækranefndar Reykjavíkur höfum við undirritaðir fátækrafulltrúar gjört aðsjón hjá Sigríði Bjarnadóttir Vesturgötu 10 sem beiðst hefur styrks úr fátækrasjóði. Heimilisástæður ~~hans~~ hennar eru þessar: Stúlka ógipt með 1 barn bjargarlaus

Er það samhuga álit okkar, að nauðsyn sje til að sinna styrkbeiðni ~~hans~~ hennar hið fyrsta.

Reykjavík

31 — 3 — 1909

Ólafur Pjetursson

Þórður Narfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrún Halldórsdóttir Klapparstíg 6

þarf að fá húsaleigustirk 3 Kr. um mánuð
inn frá 1. janúar þ. á.

Reykjavík 17. Maí 1909

Samúel Ólafsson

til Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með tilkynnist hinni heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkurbæjar að hjá mér er veikur maður er Sigurður Bernharður ættaður að austan, er læknir ráðleggur að flytja sig á spítala. Segi ég hann hér með undir úr-[illegible] fátækranefndar

Reykjavík 7 maí 1909.

[illegible]

Ábyrgð á legukostnaði [illegible] 7/5

F. Rvk. 55/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vottast, að jeg sem skoðað hef. sjúklinginn Sigurð Bessa, Runólfshúsi við Kaplaskjólsveg, álít nauðsynlegt, að hann sje lagður á spítala.

Reykjavík 7. maí 1909

Þ. J. Thoroddsen
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarf að borga með Guðrúnu
Sigurðardóttur frá Brennu
15 kr. á mánuði frá 14. maí
hún fer til Guðjóns Guð-
mundssonar, Bergstaða-
stræti N:22

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 26 April 1909

Það grætir mig á grafarbarminum
að vera knúður til að leita styrks af þurfa—
mannafje. en þannig er nú samt komið,
eg hefi í nokkur ár farið til Vestfjarða og
stundað þar róðra þær krónur sem eg hefi
unnið, og með því hefi eg dreigað fram ~~[illegible]~~ líf
mitt og konu minnar, og svo leingi sem
mjer er unnt hefi eg ætlað mjer að vinna fyrir
daglegum lífsnauðsynjum, enda gjörum við
hjónin ekki háar kröfur,

Erindi brjefs þessa er aðallega viðvíkj—
andi húsaleigu okkar sem verður frá 14 maí
5 krónur. en hana treisti eg mjer ekki að borga,
beiðni mín er því sú, þvert hinni háttvirtu
fátækranefnd þóknaðist ekki samþykkja
þessari beiðni minni, að leita mjer umgetna
húsaleigu frá 14 maí næstkomandi, og mundi
í það ýtrasta forðast að biðja um frekari styrk.
eg er nú um 70 ára gamall og kona mín 65 ára,
við höfum nýlega verið hryggvin því sári sem aldrei
grær. þar sem við mistum eingan og efnilegan
son, og ef hann hefði lifað mundum við ekki hafa
orðið knúð til að krefja [illegible] sem þurfamenn, enda
eru þær og sorglega fast [illegible], en þetta tjáir
ekki að fara fleiri orðum, við erum nú uppistand—
andi sem blaðlausar hríslur, sem tímans tönn
hefur nú nærfelt nagað ræturnar undan, en mitt
í elli okkar og [illegible] getur einginn borið okkur
slitaskap eða framkvæmdarleysi á brýn, sú
tilhugsun er þó raunaljetti.

Eg vænti svars hið bráðasta

Virðingarfyllst

F. Rok. 52/1909

Sveinbjörn Jónsson

Laugaveg 49 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumanni Barðastr. skrifað 26/4

Hérmeð leyfi eg undirskrifaður mér að segja til sveitar stúlkuna Guðrúnu Jóhannesdóttir. Fæðingarhreppur hennar er Geiradalshreppur í Barðastrandasýslu, þar sem hún er fædd 23. Maí 1889 að Gautsdal í Geiradal.

Stúlka þessi er veik af tæringu og var tekin inná Landakotsspítalann 1. dag Maí mánaðar 1908, og frá þeim degi krefst eg fullrar meðgjafar með henni, samkvæmt reikningum, er eg mun fram leggja. —

Það er ósk mín að hin háttvirta fátækrastjórn Reykjavíkur borgi út áfallinn kostnað við ómaga þenna, og innheimti svo aptur meðgjöfina hjá áðurnefndum fæðingarhrepp stúlkunnar. —

Reykjavík 26. April 1909

F. Rvk. 51/1909 Jóhann Jónsson, Laugaveg 74

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Chr. R.**
**IX.**

# Kúabólu-setningar-aftest.

Guðrún Jóhannesdóttir

fædd á Gautodal 23 maí og núverandi á Bakka 9 ára ~~gamall~~ (gömul) er af mèr undirskrifuðum kúabólu - sett árið 1898 þann 20. maí Með nákvæmri rannsókn, er skeði millum þess 7da og 9da dags, hefi eg fundið öll merki til, að þetta væru þær rèttu kúabólur, því þær vóru heilar og óskaddaðar, uppfylltar tærum vessa, höfðu laut í miðju og vóru umgirtar rauðum hríng, hvað hèrmeð uppá æru og samvizku vottast.

Gautodal, þann 1. júní árið 1898 af

Ólafi Ólafssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem eg er svo neydd fátæktar vegna að
leyta mjer hjálpar til að geta haldið bæði börnum
Ásu dóttir minnar til að frýja þeim frá flækings á
milli manna þá er það virðingarfyllst bón mín til
hinnar Heiðruðu Fátækranefndar, að hún vildi svo vel
gjöra og veita mjer meðlag með barninu Argantir að móður =
parti, nefndinni er vel kunnugt að eg hef haft þettað
barn til þessa dags frá fæðingarstund þess án nokkurrar
hjálpar frá hennar móður innar hendi. því vona eg svo góðs
til nefndarinnar að hún veyti samþykki sitt til að mjer
mætti veytast 60 krónu uppkvæð með því barni, þó það verði
ekki nema 5 kr á mánuði er það þó styrkur —
Eg vona als góðs frá nefndarinnar hendi

Virðingarfyllst

Bjarnaborg 13 April 1909

Oddní Einarsdóttir

Skrifa Garðar skálds hvort hann vilji taka barnið

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

F. Rvk. 30/4 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kv.

Vegna þess að jeg nú er orðinn alblindur, og get alls ekkert gert, og hefi nú í meir en heilt ár verið þungur ómagi, eru heimilisástæður mínar nú orðnar svo örðugar að jeg þarf að fá mjer hjálp til að geta ráðið fram úr þeim kröggum ~~þeim~~, sem jeg nú er í með lífsframfæri heimilis míns og greiðslu á lögboðnum gjöldum, sem mjer ber að greiða, en sem jeg enn á ógoldin. Í þessum vandræðum mínum leyfi jeg mjer því hjer með auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði nú þegar 75 krónur að <u>láni</u>, sem jeg vona að jeg geti endurborgað á næstkomandi sumri eða hausti, með því að það hefir komið til orða að jeg geti selt nokkurn hluta af lóð húseignar minnar á næsta sumri fyrir nokkur hundruð krónur, og þá vil jeg jeg jafnskjótt endurborga fátækrasjóðnum þetta umbeðna lán.

Laufásvegi 41, Reykjavík, 9 april 1909.

Auðmjúklegast.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

Magnús Pálsson

d. Rvk 14/4 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð Filippía Þorkelsdóttir, sem er á 22. aldursári, fædd á Hrauni í Ketusókn í Skagafjarðarsýslu og á þar framfærslurjett, – ól hjer í Reykjavík 13. f. m. meybarn, sem 28. s. m. var skírt nafninu Soffía Riis. Faðir þess er verzlunarmaður Aage Riis á Eskifirði í Suðurmúlasýslu. En enn er ekki komið í kring hve mikla upphæð hann með úrskurði ~~hann~~ verður skyldaður til að greiða í meðlag með þessu barni okkar, og sjálf er jeg svo fátæk að jeg án hjálpar get ekki alið önn fyrir því nema því að eins að því væri komið fyrir á einhvern góðan stað, svo að jeg geti fengið atvinnu og unnið fyrir framfærslu þess að minnsta kosti frá minni hálfu, sem móður þess. Vegna þess að jeg sjálf sökum fátæktar minnar og ókunnugleika hjer í bænum ekki get útvegað þessu barni mínu hæfilega góðan samastað, leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að útvega þessu barni samastað gegn endurgjaldi af fátækrasjóði bæjarins, svo fljótt sem henni er það mögulegt, til þess að jeg geti fengið mjer atvinnu, og á þann hátt frá minni hálfu að að því leyti sem mjer verður framast mögulegt

F. Rvk. 4/8/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurborgað fátækrasjóðnum kostnað þann sem hann hefir af framfærslu barnsins, og svo ennfremur með væntanlegu úrskurðuðu meðlagi frá föður þess hálfu á sínum tíma.

Rauðará í Reykjavík, 26. marz 1909.

Auðmjúklegast.

Filippía Þorkelsdóttir.

Barninu komið fyrir á Kjalarnesi af Matthíasi Þórðarsyni. – Fátækran óviðkomandi

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

Falið Árna Einarssyni og Árna Jónssyni. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leifi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að mjer verði borgað í einu lagi (einsog að undanförnu) meðlagið með Sigfúsi Gunnlaugssyni (5 ára) sem hjá mjer er, frá 1. apríl 1909 til 1 júlí sama ár; Samtals 25 kr tuttugu og fimm krónum;

Hafnarfirði 31/3 – 09.

Virðingarfyllst

Björn Sigurðsson

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík.

F. Reik. 47/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumanni skrifað 8/5.

SÝSLUMAÐURINN Í ÁRNESSÝSLU.

Kaldaðarnesi, 29. marzm. 1909.

Um leið og jeg hjermeð sendi yður, herra borgarstjóri, hjálagt
/. brjef hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi, dags. 14. þ.m., með
3 fylgiskjölum, um veitingu fátækrastyrks handa konunni Þór-
unni Gísladóttur á Steinsstöðum á Eyrarbakka, leyfi jeg mjer
að mælast til, að þjer vilduð útvega og senda hingað viður-
kenningu fátækrastjórnar Reykjavíkurkaupstaðar fyrir
sveitfesti konu þessarar.

Jafnframt geymist Eyrarbakkahreppi rjettur til
endurgjalds samkvæmt lögum á styrk þeim, sem veitt-
ur er og veittur kann að verða eptirleiðis handa nefndri
Þórunni Gísladóttur.

Sigurður Ólafsson

Til
Borgarstjóra Reykjavíkur.

46
f. Reg.? 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eyrarbakkahreppi 14. marz 1909

Herra sýslumaður!

Um leið og vér sendum yður með fylgjandi skýrslu viðvíkjandi þurfalingnum Þórunni Gísladóttur á Skúmsstöðum skorum vér á yður að útvega - svo fljótt sem því verður við komið - viðurkenningu fyrir sveitfestu nefnds þurfalings, sem mun vera Reykjavík.
Skyldi það sannast að Þórunn Gísladóttir sé ekki sveitföst í Reykjavík skorum vér á yður að útvega sönnun fyrir hvar framfærslusveit hennar er.
Hreppsnefndin í Eyrarbakkahreppi hefur komið oftnefndum þurfaling fyrir fyrst um sinn með 12 - tólf - króna meðlagi á mánuði - frá 1. marz að telja, og krefst hún þess að fá upphæðina endurgoldna sem allra fyrst samkvæmt lögum.

Virðingarfyllst

Guðm. Jónsson Þorkell Þorkelsson

Guðm. Sigurðsson Guðni Jónsson

Jón Ásbjörnsson

Til

Sýslumannsins í Árnessýslu.

í.M. 998.

L. Rvk. 14/4 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um þurfalinginn Þórunni Gísladóttur Skúmstöðum

1. Fullt nafn þurfalingsins Þórunn Gísladóttir

2. Fæðingardagur og ár 23. nóvember 1874

3. Fæðingarstaður Skúmstaðir á Eyrarbakka

4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Hún fæddist Stokkseyrarhrepps

5. Giptu hvar og hvenær? á Eyrarbakka 5. júní 1897.

6. Nafn konunnar, hvenær hún sje fædd og hvar? Nafn mannsins Gísli Guðmundsson bókbindari í Reykjavík

7. Barnafjöldi og aldur þeirra 1 barn 11 ára

8. Æfiferill þurfalings eptir 16 ára aldur. Hjú hjá móður sinni til giftingar dags, sem var 5. júní 1897. flutti þá til Reykjavíkur með manni sínum. og bjó þar í ekki full 2 ár. fluttist svo aptur til móður sinnar að Skúmstöðum á Eyrarbakka þar til árið 1905 er hún talin til heimilis í Ingólfi á Eyrarbakka þaðan fór hún aptur til móður sinnar, og dvaldi hjá henni þar til árið 1907, er hún flutti að Eystri-Íragerði í Stokkseyrarhreppi til bróður síns, kom svo en á ný til móður sinnar á síðastliðnu vori.

Ath. 998.

I. Rvk. 46/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn? Hingað til hefur eigi verið styrks beiðst fyrir þurfalinginn

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn? Nei

11, Hvernig heilsufari hans sje háttað? Geðveik

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðzt? Enga.

13. Hve mikið hann hafi á viku (á mánuði)? Ekkert

14. Hvernig heilsufari konunnar sje háttað?

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru?

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sjer að einhverju leyti? Barnið er í Reykjavík á vegum föður síns

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins Þurfalingurinn hefur hingað til notið styrks frá ættingjum sínum, einkum móður sinni, sem nú ekki treystist til að styrkja hana lengur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi? Vegna geðveiki

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi. Auk fatnaðar eina saumavél og eina kommóðu. annað ekki teljandi.

20. Hvaða matbjörg hann eigi. Enga

Að skýrsla þessi sje rjett og sönn í alla staði, vottast hjermeð undir eiðs tiboð.

Guðný Jónsdóttir

Móður (~~Nafn~~ þurfalings).

Framanritaða skýrslu hef jeg tekið í dag í viðurvist undirskrifaðra votta, og votta jeg að skýrslan er rjett bókuð eptir framburði ~~þurfalingsins~~. móður þurfalingsins. Af þurfalingnum sjálfum var eigi unt að taka skýrslu sjá meðfylgjandi læknisvottorð.

Eyrarbakkahreppi þ. 6 marz 1909

Jón Einarsson
hreppstjóri.

Vottar:
Guðjón Ólafsson
Jón Sigurðsson

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er. Skýrslan skal gefin
a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b. konunni.
c. Ef um einhleypar persónur er að ræða af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sje skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unnt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfjelag rjett til endurgjalds á styrknum, sjá 64 og 65 gr. fátækralaganna sbr. og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórunn Gísladóttir er fædd 23. nóvember 1874, skírð 27. s. m.
Foreldrar: Gísli Einarsson og Guðný Jónsdóttir, hjón á Skúmsstöðum (Eyrarbakka).
Fermd 1889; bólusett 15. feb. 1883. Gift í Eyrarbakkakirkju 5. júní 1897 Gísla Guðmundssyni, bókbindara í Reykjavík og burtvikin það ár til Reykjavíkur. Aftur innkomin 1899 frá Reykjavík að Skúmsstöðum á Eyrarbakka til móður sinnar, ekkjunnar Guðnýjar Jónsdóttur og hefir dvalið hjá henni síðan, ~~[illegible]~~ að því undanskildu, að hún árið 1905 er talin lausakona í Ingólfi á Eyrarbakka við þess árs húsvitjun, og að hún við húsvitjun 1907 er talin til heimilis í Eystra-Íragerði á Stokkseyri hjá bróður sínum, Gísla bónda Gíslasyni.

Þetta vottast hjermeð samkvæmt prestsþjónustubókum Stokkseyrarprestakalls.

Stokkseyrarprestakall
í
Árnessprófastsdæmi
þ. 6. marz mán. 1909.

Gísli Skúlason

№ 998

F. Rvk. 46/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir falið hreppstjóra Eyrarbakkahrepps á hendur, að taka skýrslu um konuna Þórunni Gísladóttur á Skúmsstöðum, samkv. 64. grein fátækralaganna, þar sem móðir hennar, sem hún dvelst hjá, heimtar fátækrastyrk með henni, skal ég taka það fram, að ofan nefnd Þórunn er geðveik, svo að eigi getur komið til mála að heimta slíka skýrslu af henni sjálfri.

Eyrarbakka 5. marz 1909

Ásgeir Blöndal

M. 998.

F. Rvk 46/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

**um þurfalinginn** Guðjón Sólberg Friðriksson, Kárast. Kirk.

1. Fullt nafn þurfalingsins Guðjón Sólberg Friðriksson

2. Fæðingardagur og ár 4. nóvember 1867

3. Fæðingarstaður Haukadalur, Dýrafirði.

4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Þingeyrarhreppur.

5. Giptu hvar og hvenær? Dýrafirði; ár 1900

6. Nafn konunnar, hvenær hún sje fædd og hvar? Regina Indriðadóttir, fædd um 1860 á Kárastöðum Hólmshlíðarhreppi í Skagafirði.

7. Barnafjöldi og aldur þeirra

Engin börn.

8. Æfiferill þurfalings eptir 16 ára aldur.

Dvaldi í Haukadal í Dýrafirði þangað til árið 1904 þaðan fluttist hann til Reykjavíkur og dvaldi þar eitt ár. Þá flutti hann til Ólafsvíkur og var þar í 2 ár. Þvínæst flutti hann aptur til Reykjavíkur og hefir dvalið þar síðan.

Á. Rvk. 9/8 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitar-styrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn?

Nei.

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn?

Nei

11, Hvernig heilsufari hans sje háttað?

Hefir legið í botnlangabólgu

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðzt?

Enga

13. Hve mikið hann hafi á viku (á mánuði)?

Ekkert

14. Hvernig heilsufari konunnar sje háttað?

Mjög slæmt;

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru?

Nei

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sjer að einhverju leyti?

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins

Slæmar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi?

vegna veikinda og fátæktar.

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi.

Engar

20. Hvaða matbjörg hann eigi.

Enga

Að skýrsla þessi sje rjett og sönn í alla staði, vottast hjermeð undir eiðs tilboð.

Guðjón Sólberg Friðriksson

(Nafn þurfalings).

Framanritaða skýrslu hef jeg tekið í dag í viðurvist undirskrifaðra votta, og votta jeg að skýrslan er rjett bókuð eptir framburði þurfalingsins.

Reykjavík þ. 12. oktober 1909

Sigurjón Markússon ff

~~hreppstjóri~~.

Vottar:

M. B. Eiríksdal

Ólafur Jónsson

---

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er. Skýrslan skal gefin

a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b. konunni.
c. Ef um einhleypar persónur er að ræða af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sje skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unnt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfjelag rjett til endurgjalds á styrknum, sjá 64 og 65 gr. fátækralaganna sbr. og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LANDSSÍMINN

Eyðublað nr. 1.

BORGARSTJORI REYKJAVIKUR

R E Y K J A V I K

Athugasemdir símaþjóna.

Meðtekið *frá* Is

*þann* 10/10 *kl.* 11 f. h. ~~e. h.~~

*af* Jóhannsteinn

# Landssími Íslands.

*Símskeyti frá* Þ I N G E Y R I nr. 61 19 orð þ. 10/10 1909 kl. 10.45 f.h.

LATIÐ GUÐJONI FRIÐRIKSSYNI KARASTIG 13 TJE HJALP ALT AÐ 150 KRONUM FYRIR HÖND HREPPSNEFNDAR ÞINGEYRARHREPPS .

F. Rvk. 98/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur